

Ed. 755. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Við 38. gr. bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Á höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlisstöðum, þar sem sveitarstjórn óskar þess, fer stjórn heilsugæslu jafnframt með stjórn sjúkrasamlags.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frumvarp þetta er hliðarfrumvarp með frumvarpi til laga um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, og fram komið vegna tillagna þess efnis að sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlisstöðum sé heimilt að fela stjórn heilsugæslu jafnframt stjórn sjúkrasamlags.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59/1983, með síðari breytingum, sem dreift er samhliða þessu frumvarpi.